

Nd.

125. Frumvarp

til laga um afnám laga nr. 40, 27. júní 1921, um einkasölu á tóbaki.

Flutningsmaður: Jakob Möller.

Lög nr. 40, 27. júní 1921, um einkasölu á tóbaki, falla úr gildi 31. desember 1924.

Greinargerð.

Því fer fjarri, að rætst hafi sú von um uppgripatekjur ríkissjóði til handa, sem byggð var á lögum þeim, sem hjer er farið fram á, að feld verði úr gildi. Tekjur af tóbakseinkasölu ríkisins voru áætlaðar af fjárhagsnefnd alt að 5—6 hundruð þúsund krónur á ári, en hafa orðið mestar rúmlega 200 þús. krónur. Hins vegar þykir það hafa komið berlega í ljós, að illa fari á því, að slík starfræksla sje í höndum ríkisins, og því að öllu athuguðu rjettara að hverfa aftur frá einkasölufyrirkomulaginu.